

Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar
Aðalstræti 63
450 Patreksfjörður

Reykjavík 11. ágúst 2017
UST201706-080/K.S.J.
10.04.03

Efni: Vesturbyggð. Tillaga að deiliskipulagi íbúðabyggðar og ofanflóðavarnargarða fyrir ofan Patreksfjörð.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Vesturbyggðar er barst 7. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi íbúðabyggðar og ofanflóðavarnargarða fyrir ofan Patreksfjörð.

Skipulagssvæðið

Í upphafi greinargerðar kemur fram að skipulagssvæðið er 30 ha að stærð. Einni kemur fram að áætlað er að byggðir verði tveir garðar, annarsvegar varnargarður sem myndar fleyg fyrir ofan Hóla og Mýrar (Mýrargarður) og hins vegar samtengdur þvergarður og leiðigarður ofan Urðargötu (Urðargarður). Einnig að gerð verði aur- og grjótvörn ofan Aðalstrætis sem tengd verður núverandi þvergarði fyrir ofan Patreksskóla.

Fram kemur í greinargerð að heildarrúmmál mannvirkjanna er um 170.000 m³ jarðvegs. Umhverfisstofnun tekur undir það að áætlað er að fella garðana að umhverfi sínu eftir því sem hægt er og styrkja svæðið sem heildstætt útivistarsvæði.

Gróður


Í greinargerð kemur fram að huga þarf að gróðursetningu til lengri tíma sem mun milda skil milli raskaðs lands og náttúrulegs gróðurs í hlíðinni og styrkja framkvæmdasvæðin sem útivistarsvæði.

Að mati Umhverfisstofnunar er afar mikilvægt að staðargróður verði notaður eins og kostur er við frágang framkvæmdanna, svo mannvirkin skeri sig sem minnst úr umhverfinu.


Efnistaka

Varðandi efnistöku, efnistökusvæði og frágang þeirra þá bendir Umhverfisstofnun á mikilvægan upplýsingavef namur.is en þar er að finna nauðsynlegar upplýsingar um námur.

Virðingarfyllst



Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur



Björn Stefánsson
Sérfræðingur